

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 182. FUNDUR.

182. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. apríl árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Áður en gengið var til dagskrár bar oddviti upp tillögu um að taka á dagskrá kosningu fulltrúa í stjórn Félagsheimilisins á Hvammstanga sem lið nr. 8 og ákvörðun um næsta fund sveitarstjórnar sem lið nr. 9. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. **Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2010.** Fyrri umræða. Mættur á fundinn er Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn ásamt skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2010. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Lagt fram bréf frá kjörnum skoðunarmönnum sveitarfélagsins varðandi ársreikninginn. Að loknum umræðum lagði oddviti fram svohljóðandi tillögu: Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2010 til síðari umræðu í sveitarstjórn. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.
2. **Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.**

**Fundargerð 685. fundar** frá 7. mars s.l. Fundargerð í 7 liðum. Borinn upp liður nr. 7. Liður 7 samþykktur með 6 atkvæðum. Sigurbjörg Jóhannesdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp. Fundargerðin samþykkt 7 með atkvæðum.

**Fundargerð 686. fundar** frá 14. mars s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 4. dagskrárlíð „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir mikilli ánægju með vinnufund sem haldinn var um markaðssetningu og kynningarmál í Húnaþingi vestra þann 19. mars sl. Í framhaldi af vinnufundinum hefur Hrafnhildur Víglundsdóttir verið ráðin af sveitarfélaginu og Ferðamálafélagi V-Hún til að ritstýra útgáfu kynningarbæklings sem koma mun út í byrjun maímánaðar. Fulltrúar sveitarfélagsins og Ferðamálafélagsins hafa átt viðræður við fulltrúa Vegagerðarinnar um ýmis mál er tengjast umræðu og áherslum um merkingar, umferðaröryggismál og viðhald vegakerfisins.“ Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 687. fundar** frá 21. mars s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 688. fundar** frá 23. mars s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 689. fundar** frá 28. mars s.l. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlíð: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráða Karólínu Gunnarsdóttur í starf íþrótt- og tómstundafulltrúa frá og með 1. apríl sl.“ Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Ragnar Smári Helgason vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Lögð fram

eftirfarandi bókun við 1. lið. „Undirrituð átelur vinnubrögð meirihluta sveitarstjórnar. Í fyrsta lagi að ekki kom fram tillaga frá meirihluta um að minnihlutinn væri viðstaddir viðtöl við umsækjendur. Í öðru lagi að fulltrúar B-lista voru ekki upplýstir um tillögu meirihlutans fyrr en á þeim sama byggðarráðsfundi og gengið var til atkvæða um ráðninguna, þrátt fyrir að eftir því væri leitað. Í þriðja lagi að íþróttá – og tómstundafulltrúi hafi hafið störf hálfum mánuði áður en sveitarstjórn tekur ráðninguna til afgreiðslu, þar sem ráðning forstöðumanna heyrir undir sveitarstjórn. Undirrituð telur það ekki í anda samvinnu og samstarfs. Þrátt fyrir slæm vinnubrögð er það álit undirritaðrar að viðkomandi umsækjandi eigi ekki að líða fyrir störf meirihlutans, greiðir undirrituð því atkvæði með ráðningunni. Elín R. Líndal.“ Borin upp eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að taka upp viðræður við sveitarstjórn Bæjarhrepps um mögulega sameiningu sveitarfélaganna sbr. ákvæði 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um frjálssa sameiningu sveitarfélaga.“ Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir upp og fundargerðin í heild sinni. Samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 690. fundar** frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 691. fundar** frá 11. apríl s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **Fundargerðir nefnda.**

#### **3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 112. fundar** félagsmálaráðs frá 7. mars s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **4. Fundargerð Fræðsluráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 120. fundar** fræðsluráðs frá 12. apríl s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **5. Fundargerðir landbúnaðarráðs.**

**Fundargerð 103. fundar** frá 30. mars s.l. oddviti kynnti. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum. Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu fundargerðarinnar vegna vanhæfis.

**Fundargerð 104. fundar** frá 13. apríl s.l. formaður landbúnaðarráðs kynnti. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **6. Fundargerð menningar-og tómstundaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 96. fundar** frá 23. mars s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

#### **7. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 195. fundar** frá 7. apríl s.l. Fundargerð í 7 liðum. Borinn upp 5. dagskrárliður. 5. liður samþykktur með 6 atkvæðum. Elín Jóna Rósinberg vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir upp og fundargerðin í heild sinni. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**8. Kosning í stjórn Félagsheimilisins á Hvammstanga.**

Oddviti bar upp tillögu um að kjósa Skúla Þórðarson í stjórnina í stað Vals Karlssonar. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

**9. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Lögð fram tillaga um að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 5. maí n.k. kl 15:00 Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:51

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Elín R. Líndal